

## EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

---

Dags. eftirlits: 16/9-17/9 2017

Nafn fyrirtækis: Landsnet

Fjöldi klst: 9

Tengiliður fyrirtækis: Þórarinn Bjarnason

Framkvæmdasvæði: Kröflu- og Þeistareykjalína  
Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

---

**Tilgangur eftirlits:** Lega línuveggar með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og frágangur vinnusvæða.

**Staða verks:** Skoðaður frágangur við möstur og línuveg í Reykjahlíðarlandi að mastri 7. Þarna er ekki lokið frágangig stekkingarplana við mastur 2. Á stöku stað hefur vegurinn aflagast og ekki er lokið frágangi skeringa. Frágangur gryfju við m-5 er mjög góður.

Skoðaður hluti mastra frá m-8 að Þeistareykjum. Frágangur er mjög góður séstaklega frágangur við m-8. Á nokkrum stöðum hefði mátt fjarlægja meira efni úr köntum en víðast er frágagnur til fyrirmyndar.

Skoðuð skering sunnan við Kvíhólanámu. Þarna er mjög gróft efni í veginum sem þjappast illa. Spurning hvort fara ætti með fínefni í veginn til að binda bögglabergið.

Farið var yfir tengingar við Þeistareykjaveg með Landsvirkjun og er lýsing á frágangi og staðsetning stúta í fylgiskjali.

Rætt um frágang línuveggar við ÁH. Brýnt að komt til skila hverrnig staðið verði að frágangi línuveggar, slóða og plana í Þeistreykjalínu. Oft hefur verið bent á að efni úr námu RH-7 er mjög gróft og á að fjarlægja það úr köntum vegar plana og slóða og keyra niður kanta þegar þetta efni hefur verið fjarlægt.

Ekki ætti að nota efni úr vegtengingum við Þeistareykjaveg þar sem efnið er nokkuð gróft og þyrfti að tína hluta þess aftur burt úr reiðveginum. Betur færi á því að taka fínna efni annað hvort úr námunni við Höskuldsvatn eða úr námu við skíðasvæði og losna við grjóthreinsun.

Í brekkurótum þar sem vegurinn kemur niður hjalla að flata við skíðasvæði er talsvert úrrennsli úr veginum. Þarna ætti að reyna að verja veginn með því að hækka hann og gera rás við veginn.

**Ábendingar:** Fara ætti yfir línuna og fjarlægja hæla er eru nokkuð víða.

**Frávik:**

**Niðurstaða eftirlits:** Frágangi við Kröflulínu er að mestu lokið. Frágangur er mjög góður og umgengni verktaka er góð.

**Fylgiskjöl:**

**Látið aftur fylgja með lýsingu á frágangi vegtenginga við Þeistareykjaveg.**



2017 8 25 Frágangur  
línuslóða LN\_LV.docx

**Fylgiskjöl:**

---

Björn Stefánsson

f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.  
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.